



Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
17	EDS	22. JUNI 2017
Ábm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
SAS	SAS	1706128



Sjónvarp Símans og Sagafilm framleiða þáttaröð fjögur af Biggest Loser Ísland. Fá ef nokkur sjónvarpsverkefni hafa fengið jafn jákvæða umfjöllun og á sama tíma valdið jafn áhrifaríkum breytingum á lífi þáttakenda. Inga Lind Karlssdóttir verður sem fyrr stjórnandi þáttanna, einnig verða Gurrý og Evert áfram þjálfarar keppenda. Fjórða þáttaröð Biggest Loser Ísland samanstendur af 11 þáttum og hefjast sýningar í september 2017.

Að þessu sinni hafa keppendur aðsetur á Bifröst í Borgarfirði og verða þar þær 10 vikur sem keppnin stendur yfir. Upptökur fara fram á Bifröst og víðsvegar á Vesturlandi. Vesturland verður því á einn eða annan hátt mjög stórr hluti af þeirri svíðmynd sem fyrir augu ber í þáttunum. Leitast verður við að finna þrautum og öðrum viðfangsefnum keppenda viðeigandi og áhugaverða tökustaði í landshlutinum.

Áhorf á BLÍ 3 var mjög gott og í raun það besta sem Biggest Loser Ísland hefur skilað. Áhorfið var 26% hjá 18 til 59 ára og 32% hjá 30 til 60 ára konum (meðaltal 11 þátta).

Það er því ljóst að sýnileiki í þáttunum verður mikil og mjög góð „lænkynning“ fyrir Vesturland.

Markaðsstofa Vesturlands og Sjónvarp Símans Framleiðsla og birting auglýsinga (kynningarefni)

Framleiðsla leikið efni

Sjónvarp Símans lætur framleiða auglýsingu (kynningarmyndband) fyrir Markaðsstofu Vesturlands. Tilgangur auglýsingarinnar er að kynna landshlutann og það sem fyrirtæki á svæðinu hafa uppá að bjóða. Um er að ræða fullkláraða auglýsingu (kynningarmyndband) tilbúna til birtinga í sjónvarpi. Auglýsingin verður eign Markaðsstofu Vesturlands og þeirra aðila sem taka þátt í verkefninu. Þessir aðilar geta í framhaldinu notað auglýsinguna hvar og hvenær sem er. Framleiðsla auglýsingarinnar verður alfarið í höndum Eventa Films www.eventafilms.is.

Innifalið í upptöku: Atvinnutökumaður, leikstjórn, hljóð, lýsing ofl.

Innifalin tækjaleiga: Phantom 4 pro dróni, RoninM camera stabilizer, Sony A7sii, linsur ofl.

Innifalin eftirvinnsla: Klipping, hljóðmix, litaleiðréttung ofl.

Til viðmiðunar er gert ráð fyrir að auglýsingin verði 30 til 60 sek að lengd

Birtingar leikið efni

Sjónvarp Símans birtir auglýsinguna að lágmarki 15 sinnum pr. mánuð í þrjá mánuði

Birtingatímabilið er júní, júlí og ágúst 2017

Allar birtingar verða á besta dagskrátíma Sjónvarps Símans (Prime Time)

Sjónvarp Símans birtir auglýsinguna í eða í kringum sýningu allra 11 þáttar Biggest Loser Ísland 4

Allar birtingar verða á besta dagskrátíma Sjónvarps Símans (Prime Time)

Miðað við 30 sek. auglýsingu er áætlað verðmæti birtinga amk 2.000.000 kr.

Skjáauglýsingar - Framleiðsla og birtingar

Sjónvarp Símans lætur framleiða allt að 20 skjáauglýsingar fyrir samstarfsaðila

Hverri skjáauglýsing fylgir birtigapakki að verðmæti 100.000 kr.

Allar birtingar verða á besta dagskrátíma Sjónvarps Símans (Prime Time)

Áætlað verðmæti birtinga er 2.000.000 kr.

Samningstími og greiðslur

Samningstími er frá undirritun og til ársloka 2017.

Heildargreiðsla er 3.000.000 kr.+vsk.